

Reglugerð Orlofssjóðs Bárunnar, stéttarfélags.

1. grein Nafn og heimili

Sjóðurinn heitir Orlofssjóður Bárunnar, stéttarfélags. Heimili hans og varnarþing er á Selfossi.

2. grein Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er: Að stuðla að byggingu orlofsheimila og auðvelda fólki að njóta orlofsdvalar.

Tilgangnum skal ná með því m.a.:

- Að kaupa eða byggja orlofshús eða íbúðir fyrir eigin reikning til að leigja félagsmönnum á eigin vegum eða í samvinnu við önnur félög eða samtök.
- Að styrkja félagsmenn til orlofsdvalar í orlofshúsi eða íbúðum í eigu sjóðsins eða annara og annarra orlofsúrræða.
- Að semja um hagstæð kjör á orlofsferðum og gistingu bæði innanlands og utan.
- Að standa fyrir eða taka þátt í orlofsferðum fyrir félagsmenn.
- Að standa fyrir kynningar- og fræðslustarfi í sambandi við orlofsmál og nýtingu orlofs.

Heimilt er að skipa ferðanefnd sem annast undirbúning og skipulagningu einstakra orlofsferða.

3. grein Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru:

- Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt kjarasamningum á hverjum tíma.
- Húsaleigutekjur vegna orlofshúsa og íbúða í eigu sjóðsins.
- Vaxtatekjur.
- Gjafir, framlög og styrkir.

4. grein Stjórn sjóðsins

Stjórn Bárunnar, stéttarfélags er jafnframt stjórn Orlofssjóðs og annast fjárreiður hans.

Stjórnin tekur ákvarðanir um kaup og sölu eigna sem og fjárveitingar til einstakra verkefna.

Hlutverk sjóðsstjórnar er að:

- annast vörslu sjóðsins,
- annast ávöxtun sjóðsins,
- annast rekstur og umsjón eigna, þ.m.t. byggingaframkvæmdir, viðhald og leigu ef um það er að ræða,
- annast samskipti við önnur félög og samtök vegna orlofsmála,
- úthluta samkvæmt reglum sjóðsins.

Stjórn er heimilt að skipa í orlofsnefnd þrjá fullgilda félagsmenn. Orlofsnefnd skal vera stjórn Orlofssjóðs til ráðgjafar um málefni sjóðsins. Heimilt er stjórn sjóðsins að úthluta Orlofsnefnd einstökum afmörkuðum verkefnum samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar hverju sinni.

5. grein Ávöxtun sjóðsins

Laust fé orlofssjóðs skal að jafnaði ávaxtað í starfandi banka eða sparisjóði á félagssvæði Bárunnar, stéttarfélags en heimilt er að lána það um skemri tíma til annara verkefna á vegum félagsins, enda er þá félagssjóður ábyrgur fyrir endurgreiðslu, þegar orlofssjóður þarf á fé sínu að halda.

6. grein Úthlutun og starfsreglur

Sjóðsstjórn setur reglur þar sem kveðið er á um rétt félagsmanna til úthlutunar. Sjóðnum skal stjórnað í samræmi við lög og starfs- og siðareglur félagsins.

7. grein Reikningshald og endurskoðun

Sömu reglur gilda um reikningskil, ávöxtun og vörslu orlofssjóðs og annarra sjóða í eigu og vörslu Bárunnar, stéttarfélags.

Halda skal bókhaldi sjóðsins aðskildu frá öðrum fjárreiðum félagsins. Iðgjaldagreiðslur til sjóðsins skulu skráðar á nafn hvers sjóðfélaga.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir af skoðunarmönnum reikninga og löggiltum endurskoðanda félagsins fyrir aðalfund.

8. grein Afgreiðsla og rekstrarkostnaður

Afgreiðsla sjóðsins skal vera á skrifstofu Bárunnar, stéttarfélags og greiðir sjóðurinn allan beinan kostnað af eigin rekstri, auk þess skal hann greiða til Bárunnar, stéttarfélags 15% af innkomnum iðgjöldum vegna kostnaðar við afgreiðslu og skrifstofuhald.

9. grein Umsóknir og réttur til úthlutunar úr sjóðnum

Sjóðfélagar eru þeir sem greitt er af iðgjald til sjóðsins.

Rétt til úthlutunar orlofshúsa og orlofsíbúða eiga allir félagsmenn Bárunnar sem greitt er af til sjóðsins. Einnig þeir sem hafa lokið hafa starfsævi hjá félaginu, eru orðnir 67 ára eða eldri eða eru öryrkjar og hafa verið félagsmenn. Atvinnuleitendur og félagsmenn í fæðingarorlofi sem greitt er af til félagsins viðhalda þeim rétti sem þeir hafa áunnið sér. Rétt til annarra orlofsúrræða eiga eingöngu þeir félagsmenn sem greitt er af til sjóðsins nema annað sé ákveðið af stjórn sjóðsins.

Hafi iðgjöld til orlofssjóðs ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann getur fært sönnur á að félagsgjöld hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 6 mánuði, skal hann njóta réttar eins og iðgjöld til orlofssjóðs hafi verið greidd.

Umsóknir skulu vera á eyðublöðum sem fást á skrifstofu félagsins og á heimasíðu þess. Umsóknum skal skilað á skrifstofu félagsins eða rafrænt samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

10. grein Breytingar á reglugerð þessari

Breytingar á reglugerð þessari má aðeins gera á aðalfundi, og ná þær því aðeins samþykki að meirihluti greiddra atkvæða séu þeim fylgjandi. Tillögu til reglugerðabreytinga, sem einstakir félagsmenn vilja koma á framfæri, skal skila til félagsstjórnar eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.

Þannig samþykkt á aðalfundi Bárunnar, stéttarfélags þann 22. maí 2017